

Almenna verkfræðistofan hf
Haukur Haraldsson
Fellsmúla 26
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. júlí 2011

Tilvísun:2011030069 /

**Efni: Hólmsárvirkjun, allt að 80 MW vatnsaflsvirkjun í Skaftárhreppi.
Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsvirkjunar og Orkusölnunnar að matsáætlun um Hólmsárvirkjun, allt að 80 MW vatnsaflsvirkjun í Skaftárhreppi.

Landsvirkjun og Orkusalan sendu Skipulagsstofnun erindi dags. 23. júní 2011 ásamt tillögu að matsáætlun:

Orkusalan og Landsvirkjun. Hólmsárvirkjun, allt að 80 MW vatnsaflsvirkjun í Skaftárhreppi. Júní 2011.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Skaftárhreppi, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landgræðslu ríkisins, Orkustofnun, Skógrækt ríkisins og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Skaftárhreppi með bréfi dags. 12. júlí 2011, Ferðamálastofu með bréfi móttekið 15. júlí 2011, Fiskistofu með bréfi dags. 4. júlí 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 19. júlí 2011, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 11. júlí 2011, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 1. júlí 2011, Orkustofnun með bréfi dags. 5. júlí 2011, Skógrækt ríkisins með bréfi dags. og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. júlí 2011. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og fyrirspurnar Skipulagsstofnunar með tölvubréfum dags. 6., 8., 18. og 25. júlí 2011.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem framkvæmdaraðili setti fram í tölvubréfum dags. 6., 8., 18. og 25. júlí 2011 og með eftirfarandi athugasemdum.

Mat á áhrifum á útivist, ferðamennsku og ferðaþjónustu

Í kafla 4.7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um mat á áhrifum fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda á ferðaþjónustu sem byggja á á rannsóknum. Í umsögn sinni bendir Ferðamálastofa á að ekki sé nægilegt að meta aðeins núverandi ástand ferðamennsku á svæðinu heldur þyrfti að finna leið til að meta hver líkleg þróun ferðamennsku á svæðinu muni verða til framtíðar. Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að í fyrirhugaðri rannsókn á áhrifum virkjunar í Hólmsá á útivist, ferðamennsku og ferðaþjónustu þurfi að gera ráð fyrir mati á áhrifum framkvæmdanna á þessa þætti þegar til framtíðar er litið og að niðurstöður slíks mats þurfi að koma fram í frummatsskýrslu.

Áhrif á gróður og endurheimt

Landgræðslan bendir á í umsögn sinni að gera þurfi grein fyrir hvernig árangur verði metinn af endurheimt gróðurlendis og hver beri ábyrgð á því mati og telur Skipulagsstofnun að þessar upplýsingar þurfi að vera til staðar í frummatsskýrslu.

Áhrif vegna rofs

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að mikilvægt sé í umfjöllun um umhverfisáhrif fyrirhugaðs lóns að líta til áhrifa sem fram hafa komið við sambærilegar framkvæmdir s.s. við Blöndulón og Háslón. Skipulagsstofnun vill taka undir nauðsyn þess að mat og umfjöllun í frummatsskýrslu um áhrif vegna rofs verði horft til áhrifa þessara lóna á umhverfið.

Kostnaðar- og ábatagreining

Í umsögn sinni bendir Umhverfisstofnun á að æskilegt sé að fram fari kostnaðarnytjamat (CBA) á svæðinu en þá fengist heildstæðari sýn bæði hvað varðar kostnað vegna fyrirhugaðra framkvæmda og ávinnings af uppbyggingunni í heild.

Skipulagsstofnun er meðvituð um tilvist aðferða til að meta til fjár þau náttúrulegu verðmæti sem glatast þegar ráðist er í framkvæmdir, s.s. kostnaðar-ábatagreiningu og skilyrt verðmætamat. Eins og framkvæmdaraðili bendir á í svörum við ábendingum Umhverfisstofnunar hefur ekki skapast hefð fyrir því að beita slíkum aðferðum hérlendis við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda auk þess sem ekki verður séð í ákvæðum laga og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum að gert sé ráð fyrir þeim möguleika að kostnaðar- og ábatagreiningu væri beitt í umhverfismati framkvæmda. Skipulagsstofnun telur að þessi aðferðafræði sé umdeild og hefur m.a. verið bent á, að það að setja verðgildi á umhverfisþætti geti haft í för með sér að þau einkenni áhrifa sem framkvæmd getur haft í för með sér á umhverfið, t.d. „óafturkræf áhrif“ falli í skuggann af verðgildinu. Skipulagsstofnun telur að aðferðir við að meta náttúruleg verðmæti sem glatast þegar ráðist er í framkvæmdir geti í sumum tilfellum átt rétt á sér í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, en að í tilfelli fyrirhugaðra framkvæmda sé alls óvíst hvernig standa ætti að slíku mati. T.d. liggur ekki fyrir hver myndi eiga að leggja fjárhagslegt mat á verðmæti ósnortinna víðerna, til þess að taka dæmi um einn umhverfisþátt og með hvaða hætti ætti að standa að því mati.

Að framansögðu telur Skipulagsstofnun að ekki séu forsendur til að fram fari kostnaðar- og ábatagreining vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Hólmsá.

Athugasemdir og ábendingar við drög að tillögu að matsáætlun

Á bls. 19-23 í tillögu að matsáætlun eru raktar athugasemdir og ábendingar sem m.a. Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun gerðu við drög að tillögu að matsáætlun. Bent er á all mörg atriði sem leggja þarf mat á og gera grein fyrir og fjalla um í frummatsskýrslu. Viðbrögð framkvæmdaraðila við þessum athugasemdum eru á þá leið að tekið verði tillit til viðkomandi ábendinga við gerð frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun telur að við gerð frummatsskýrslu þurfi ekki eingöngu að taka tillit til umræddra athugasemda heldur þurfi að gera ráð fyrir umfjöllun um eða að lagt verði mat á og gert grein fyrir niðurstöðum eftir því sem við á um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá þætti sem bent er á í athugasemdunum.

Rut Kristinsdóttir

Fylgiskjöl: Afrit umsagna